

3. gr.

137

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

7. júní

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. júní 1943.*

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

*Gunnl. E. Briem.*

## REGLUR

138

um göngusilungsveiði á félagssvæði Veiðifélags Árnesinga.

7. júní

1. gr.

Á félagssvæði Veiðifélags Árnesinga er óheimilt að stunda göngusilungsveiði, nema á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst ár hvert. Á þessum veiðitíma skal þó óheimilt að stunda slíka veiði frá kl. 9 á föstudagskvöldi til kl. 9 á mánudagsmorgni í viku hverri.

2. gr.

Til veiði þeirrar, er getur í 1. gr., má aðeins nota stöng og lagnet, er lögð séu frá bakka, og skal möskvastærðin vera þannig, að 4,5—5,0 cm verði milli hnúta í möskvum, þá net eru vot. Kláfa, grjótgarða eða annan lagnarútbúnað má ekki nota.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 1943.

Reglur þessar staðfestast hér með samkvæmt 2. mgr. 69. gr. laga nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. júní 1943.*

Vilhjálmur Þór.

*Vigfús Einarsson.*

## SAMÞYKKT

139

um lokunartíma sölubúða í Búðakauptúni.

8. júní

1. gr.

Sölubúðum í Búðakauptúni skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu þær undantekningar frá þessu, er nú skal greina: